

Samtal: Á veitingahúsi

Örn og María eru að leita að veitingahúsi í miðbænum.

Örn Hvað langar þig í í kvöldmat, elskan?

María Hmm, ég veit ekki. Ég borðaði mikið í hádegismat þannig að mig langar bara í eitthvað létt. Kannski bara salat eða súpu.

Örn Ég er frekar svangur. Ég fékk bara pylsu í hádegi... og kók.

María Í alvöru? Þetta er ruslamatur! Við verðum að redda þér eitthvað hollara. Hvað segirðu með grænmeti?

Örn Hvað áttu við? Hráfæði? Mig langar ekkert í neinar gulrætur og salat.

María Við Kolbrún fórum á Gló um daginn. Það er aðallega grænmetisstaður en það er stundum boðið upp á kjötrétti. Þú mátt velja hvað sem er... og þetta er miklu meira en salat!

Örn Skoðum þetta. Það væri gaman að fá svona blöndu af ýmsu.

María Já já, þá löbbum við í þessa átt.

Hjónin fara inn á veitingastaðinn og að kassanum.

Örn Eigum við að panta hér?

María Já, þú velur smátt af hverju sem þig langar í. Ég ætla að fá mér smá lasagne, kartöflur og svo þessi salöt hér.

Þjónn Hvað má bjóða þér?

María Jæja, ég ætla að fá lasagne og kartöflur. Svo ætla ég að fá smá tómatsalat og quinoasalat.

Þjónn Eitthvað fleira?

María Já, tvö hvítvínsglas.

Þjónn Gjörðu svo vel. Og hvað má bjóða þér?

Örn Hmm, ég ætla líka að fá lasagne. Svo kartöflurnar og bökusneið. Kannski smá salatblöndu á hliðinni.

Þjónn Gjörðu svo vel. Borgiðið saman?

María Já, gerum það.

Þjónn Það eru 3.500 kr. Má bjóða ykkur afrit?

María Nei, takk.

Örn Þú sagðist ekki vera svöng!

María Já, en maturinn leit svo vel út að ég varð að fá mér smátt af öllu!
Örn Oj! Ég klára það sem þú leifir!
María Ekki ef ég borða það fyrst! Hvar eigum við að sitjast?
Örn Hvað með þarna í horninu, undir glugganum?
María Já já, alltaf huggulegt að sitja við gluggann.